

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Rangárþingi eystra.

#### 1. gr.

Hundahald í Rangárþingi eystra, að undanteknu hundahaldi þarfahunda á lögbylum og hunda sem notaðir eru til leitar- og björgunarstarfa, svo og aðstoðarhunda blindra og fatlaðra, sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Fyrir hönd sveitarstjórnar annast dýraeftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit samkvæmt samþykkt þessari í umboði og undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Sveitarstjórn skal halda skrá yfir hunda sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um hundinn og eiganda hans eða forráðamann. Skráin skal vera aðgengileg lögreglu, heilbrigðisnefnd og dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

#### 2. gr.

##### *Takmarkanir á hundahaldi.*

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem það er gefið út fyrir. Tilkynna ber eigendaskipti og sækja um nýtt leyfi.

Starfsemi, þar sem hundar eru haldnir til undaneldis í atvinnuskyni, er bönnuð í þéttbýli.

Um starfsemi, þar sem hundar eru haldnir til undaneldis í atvinnuskyni, utan þéttbýlis fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Hægt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef um starfsemi er að ræða sem fellur undir reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Ef undanþága er veitt fyrir starfsemi hundaræktunar skal hún fara fyrir grenndarkynningu.

#### 3. gr.

##### *Skráning.*

Allir hundar skulu skráðir á skrifstofu Rangárþings eystra að Hlíðarvegi 16 á Hvolsvelli. Þar fá eigendur gjaldskyldra hunda afhenta merktu plötum, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Hundur sem færður er til skráningar skal vera merktur með örmerki skv. reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

Skrá skal hund eigi síðar en mánuði eftir að hann er tekinn inn á heimili og hvolpa eigi síðar en þeir verða sex mánaða gamlir. Hundaeiganda ber að tilkynna skrifstofu um aðsetursskipti og dauða hunds innan mánaðar. Við skráningu hunds skal greiða skráningargjald samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eftir það er greitt árlegt leyfisgjald.

#### 4. gr.

##### *Gjald fyrir hundahald.*

Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn setur í sérstakri gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal standa straum af öllum kostnaði vegna hunda í þéttbýli og skal upphæð þess við það miðuð. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega. Gjald dagi er 1. október ár hvert. Í gjaldskrá skal einnig ákveðið handsömunargjald, sbr. 3. gr. í samþykkt þessari.

Við greiðslu leyfisgjalds ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að hundurinn hafi verið ormahreinsaður á undangengnum 12 mánuðum, en gjald fyrir ormahreinsun er innfalið í leyfisgjaldi.

Hafi leyfisgjald ekki verið greitt innan þriggja mánaða frá gjalddaga er heimilt að afturkalla leyfið og fjarlægja hundinn að undangenginni skriflegri viðvörðun, sama gildir ef ormahreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum eða ef önnur ákvæði er varða samþykkt þessa, eru ekki virt.

## 5. gr.

*Ábyrgðartrygging.*

Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi.

Fyrir gjaldskylda hunda gerir sveitarfélagið heildarsamning við tryggingafélag um slíka tryggingu. Iðgjald er innifalið í skráningargjaldi og síðan árlegu leyfisgjaldi.

## 6. gr.

*Almennar skyldur hundaeigenda.*

Umhirða hunds skal vera í samræmi við lög nr. 15/1994 um dýravernd og ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Hundaeigandi skal gæta þess, eftir því sem framast er unnt, að hundur hans valdi ekki óþrifum, hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt.

Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, matvælafyrirtæki, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli eða við vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur.

## 7. gr.

*Hundahald í fjöleignarhúsum.*

Um hundahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þannig er skilyrði fyrir hundahaldi í fjöleignarhúsum þar sem inngangur er sameiginlegur að fyrir liggi skriflegt samþykki hlutaðeigandi íbúðareigenda við skráningu hundsins. Þegar íbúð umsækjanda hefur sérinngang, þótt um sé að ræða annars konar sameiginlegt húsrými eða sameiginlega lóð, þá er veiting leyfis til hundahalds ekki háð samþykki annarra eigenda, enda er öll viðvera og/eða umferð hunds um slíkt rými stranglega bönnuð. Brot á því telst alvarlegt brot á samþykkt þessari og skilyrðum leyfisins og varðar sviptingu þess.

## 8. gr.

*Hundahald í dreifbýli og hundar undanþegnir skráningar- og leyfisgjaldi.*

Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa þarfahunda án greiðslu leyfisgjalds. Hundar sem notaðir eru til leitar- og björgunarstarfa svo og hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötluðu eru einnig undanþegnir skráningar- og leyfisgjaldi. Þá ber þó að skrá og leggja fram vottorð um að hundurinn sé ábyrgðartryggður, örmerktur og hreinsaður, allt á kostnað eiganda. Hundar á lögbýlum mega ganga frjalsir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar. Skylt er bændum á lögbýlum og eigendum hunda sem nefndir eru í 1. gr. að sjá til þess að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri innan þéttbýlis.

## 9. gr.

*Bannaðar hundategundir.*

Óheimilt er að halda hunda af tegundunum Pit Bull Terrier, Fila Brasileiro, Tosu Inu, Dogo Argentino, blendinga af fyrirtöldum tegundum, blendinga af úlfum og hundum.

## 10. gr.

*Handsömun hunda.*

Hunda sem fangaðir eru skal færa í viðurkennda hundageymslu.

Hunda, sem ganga lausir utanhúss í þéttbýli, skal handsama og færa í hundageymslu.

Sé ekki unnt að greina hver eigandinn er, með örmerki eða öðru skýru auðkenni, skal auglýsa eftir eiganda. Gefi sig ekki fram eigandi innan sjö sólarhringa frá birtingu auglýsingar er heimilt að láta lóga viðkomandi hundi án frekari fyrirvara eða ráðstafa til nýs eiganda.

Sé hundur merktur skal tilkynna eiganda ástæðu handsömunarinnar. Dýraeftirlitsmaður heldur skriflega skýrslu um ástæðu föngunar og ber eiganda að kvitta á sömu skýrslu þegar hundurinn er sóttur til dýraeftirlitsmanns. Ef eigandi hunds vitjar hans ekki innan sjö sólarhringa og gengst ekki við broti á samþykkt þessari sé um slíkt að ræða er heimilt til að láta lóga hundinum að þeim tíma liðnum eða ráðstafa til nýs eiganda.

Eigandi hunds sem fluttur er í hundageymslu skal greiða handsömunar-, fôður- og vistunargjald skv. gjaldskrá um hundahald í Rangárþingi eystra áður en honum er afhentur hundurinn á ný. Sé hundur ekki örmerktur skal eigandi hans greiða fyrir örmerkingu og skráningu hundsins áður en hann er afhentur og fær gegn því beiðni sem nýta má hjá dýralækni til greiðslu fyrir örmerkingu.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga tafarlaust í samráði við dýralækni. Óski hundaeigandi þess er honum þó heimilt að leita álits héraðsdýralæknis áður en ákvörðun um aflífun er tekin.

#### 11. gr.

##### *Eftirlit og refsiviðurlög.*

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

Fyrir hönd sveitarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit samkvæmt samþykkt þessari í umboði og undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands og skal hann hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og tilkynna sveitarfélaginu um kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Berist kærur vegna meintra brota á samþykktinni til lögreglu og heilbrigðisnefndar skulu þessir aðilar tilkynna það dýraeftirlitsmanni og sveitarstjórn.

Dýraeftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögregluþyrvalda við framkvæmd starfa sinna, ef hundur sem að mati eftirlitsmanns telst hættulegur umhverfi sínu og/eða vörsluaðili hundsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi hundsins sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Endurtekin eða alvarleg brot geta leitt til leyfissviptingar.

Leyfishafa er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

#### 12. gr.

##### *Afturköllun leyfis.*

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf. Um slíkar ákvarðanir skal gætt ákvæða stjórnisýslulaga.

#### 13. gr.

##### *Lagagrundvöllur.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 261/1985 um hundahald í Hvolsvallarkauptúni.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 23. apríl 2013.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Kjartan Ingvarsson.*